SIV eignastýring hf.

Ársreikningur 2024

SIV eignastýring hf.
Ármúla 3
108 Reykjavík

Kt. 581022-0850

Efnisyfirlit

A-hluti

SIV eignastýring Bls.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra 2

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur 6

Efnahagsreikningur 7

Sjóðstreymisyfirlit 8

Skýringar 9

Viðauki

Stjórnarháttayfirlýsing SIV eignastýringar hf 13

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

SIV eignastýring hf. („SIV“) er eignastýringarfyrirtæki sem starfrækir eignastýringu og sjóðastýringu. Félagið starfar á grundvelli starfsleyfis frá fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands (hér eftir „fjármálaeftirlitið“) sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða skv. lögum nr. 45/2020 með viðbótarheimild til eignastýringar og móttöku og miðlun fyrirmæla.

SIV er dótturfélag Skaga hf. („Skagi“) og er A-hluti ársreiknings hluti af samstæðureikningi félagsins og dótturfélaga þess. Vísað er til ófjárhagslegar upplýsingagjafar í ársreikningi og ársskýrslu samstæðu Skaga fyrir árið 2024.

Vörslufyrirtæki SIV er T Plús hf. sem hefur tekið að sér sjóðaumsýslu og vörslu fyrir hönd sjóða í rekstri félagsins.

Ársreikningi félagsins er skipt í tvo hluta, A-hluta sem inniheldur ársreikning rekstrarfélagsins sjálfs og B-hluta sem inniheldur ársreikninga sérhæfðra sjóða fyrir almenning sem voru í rekstri félagsins, auk ársreiknings sérhæfðra sjóða fyrir fagfjárfesta. Þessi framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem settar eru af fjármálaeftirlitinu. Framsetning á reikningnum er í samræmi við reglur um reikningsskil.

Starfsemin á árinu

SIV var stofnað í september árið 2022 og fékk starfsleyfi frá fjármálaeftirlitinu þann 6. júní 2023. Í árslok 2024 voru átta starfsmenn hjá félaginu en fjöldi stöðugilda var að meðaltali 7,5 á árinu (2023: 3,3).

Vöxtur eigna í stýringu SIV var umtalsverður á árinu 2024 en í árslok 2024 námu eignir í stýringu um 95 ma.kr. samanborið við um 64 ma.kr. í árslok 2023. Sjóðum í rekstri félagsins fjölgaði um fjóra á árinu og voru þeir tíu í árslok 2024. Hrein eign sjóða nam 28 ma.kr. samanborið við 20 ma.kr. í árslok 2023. Í kjölfarið á kaupum félagsins á rekstri Glyms hf. síðla árs 2023 fluttust þrír sjóðir til félagsins. Auk þess stofnaði félagið sjóðinn SIV Equities sem fjárfestir á innlendum og erlendum hlutabréfamarkaði en sjóðurinn er rekinn á slhf formi.

Í kjölfar breytingar innan samstæðu Skaga færðist stýring sérgreindra safna og eignaleiða hjá Fossum fjárfestingabanka hf. yfir til SIV. Skapar sú breyting hagræði fyrir samstæðuna og ekki síst, enn betri umgjörð eignastýringar fyrir viðskiptavini samstæðunnar. Eignastýring félagsins sinnir auk þess stýringu fyrir stofnanafjárfesta á borð við VÍS tryggingar hf. og Líftryggingafélag Íslands hf.

Innlendi hlutabréfasjóður félagsins, SIV hlutabréf, skilaði hæstri ávöxtun allra sjóða í rekstri innlendra rekstrarfélaga á liðnu ári en sjóðurinn hækkaði um tæp 24% á árinu. SIV skammtímasjóður var auk þess meðal efstu sjóða hvað varðar ávöxtun skammtímasjóða. Eignamarkaðir voru heilt yfir góðir á árinu, þrátt fyrir talsverðar sveiflur en Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hóf vaxtalækkunarferlið á síðari hluta ársins og verðbólga tók að lækka. Í kjölfarið tóku eignamarkaðir við sér með hækkunum þegar leið á haustið, sér í lagi á hlutabréfum. Hátt vaxtastig og sér í lagi háir vextir á innlánsreikningum hafa takmarkað flæði í aðra fjárfestingakosti líkt og skuldabréfa- og hlutabréfasjóði undanfarin misseri. Með lækkandi vaxtastigi eru væntingar um að innflæði í slíka sjóði taki að aukast á nýjan leik en slík merki sáust þegar líða tók á árið 2024.

Auk hefðbundinna opinna sjóða sem fjárfesta á skuldabréfa og hlutabréfamarkaði þá rekur félagið svokallaða kreditsjóði en slíkir sjóðir eru lokaðir sjóðir með tiltekinn líftíma og taka eingöngu við fjármagni frá fagfjárfestum. Sjóðirnir miðla þannig fjármagni frá fagfjárfestum með lánsfé til fyrirtækja til skemmri og lengri tíma. Félagið sér talsverð tækifæri á innlendum kreditmörkuðum næstu misserin og hefur einblínt á að byggja upp reynslumikið teymi á þeim markaði.

Tap varð af rekstri félagsins á árinu að fjárhæð 15,8 m.kr. samkvæmt rekstrarreikningi, samanborið við tap að fjárhæð 54,6 m.kr. á árinu 2023. Eigið fé félagsins í lok tímabils nam 130,8 m.kr. samanborið við 146,5 m.kr. árið 2023 en lágmarks eigið fé er 18,0 m.kr. (EUR 125 þús.) samkvæmt lögum. Eiginfjárhlutfall, reiknað skv. lögum um fjármálafyrirtæki, var 9,2%, en lágmarkseiginfjárhlutfall er 8,0%.

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður til hlutahafa á árinu 2024 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum. Meirihluti stjórnar félagsins telst óháður félaginu og í stjórn sitja tvær konur og einn karl og uppfyllir félagið því ákvæði laga um hlutafélög um kynjahlutföll stjórnarmanna.

Stjórnir Skaga, Fossa fjárfestingarbanka hf., SIV, Íslenskra verðbréfa hf. („ÍV“) og ÍV sjóða hf. („ÍVS“) hafa fjallað um og samþykkt tilhögun á fyrirhugaðri samþættingu ÍV og ÍVS inn í samstæðu Skaga, sbr. tilkynningu Skaga í kauphöll dags. 16. desember 2024. Fyrirhugað er að sameina ÍVS og SIV undir kennitölu ÍVS. Í framhaldinu verða ÍV og ÍVS sameinuð undir kennitölu ÍVS með öfugum samruna. Fyrirhugað er að samrunar taki gildi frá og með 1.1.2025 með fyrirvara um samþykki FME og fyrirtækjaskrár Skattsins.

Með sameiningu SIV og ÍVS undir heitinu Íslensk verðbréf verður til öflugt eigna- og sjóðastýringarfélag með hátt í 200 ma.kr. í stýringu en félagið stefnir á frekari vöxt á innlendum eignastýringarmarkaði með hagsmuni viðskiptavina og langtímaárangur þeirra að leiðarljósi.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Hlutafé félagsins nam 200,0 m.kr. í árslok og voru hluthafar félagsins 7 á sama tíma. Fjöldi hluthafa hélst óbreyttur milli ára.

Hluthafi	Nafnverð	%	Endanlegur eigandi
Skagi hf.	140.040.000	70%	Skagi hf.
YNWA ehf.	19.980.000	10%	Arnór Gunnarsson
Salka2 ehf.	19.980.000	10%	Þorkell Magnússon
Maldini ehf.	6.000.000	3%	Guðmundur Oddur Eiríksson
RHA ehf.	6.000.000	3%	Sævar Ingi Haraldsson
Szabó ehf.	4.000.000	2%	Guðrún Una Valsdóttir
JIN ehf.	4.000.000	2%	Jón Rúnar Ingimarsson

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórn félagsins hefur samþykkt yfirlýsingu um stjórnarhætti félagsins. Yfirlýsingin byggir á leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ Iceland, 6. útgáfa frá febrúar 2021, og eru aðgengilegar á www.leidbeiningar.is, en tekur tillit til þeirra sérstöku laga og reglna sem gilda um rekstraraðila sérhæfða sjóða og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Stjórnarháttayfirlýsingin er fylgiskjal með ársreikningi félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur félagsins er gerður og settur fram í samræmi við lög um ársreikninga. Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins árið 2024, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess. Jafnframt er það álit okkar að skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra gefi einnig glöggt yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri SIV.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa rætt reikning félagsins og sjóðanna fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Ársreikningur þessi er undirritaður rafrænt af hálfu stjórnar og framkvæmdastjóra.

Reykjavík, 7. mars 2025

Í stjórn félagsins:

Andri Guðmundsson, stjórnarformaður

Ragnheiður Þorkelsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Arnór Gunnarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa SIV eignastýringar hf. og eigenda hlutdeildarskírteina í sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta og eiganda hlutdeildarskírteina í sérhæfðum sjóðum fyrir fagfjárfesta í rekstri SIV eignastýringar hf.

Álit
Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning SIV eignastýringar hf. fyrir árið 2024, að undanskilinni skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins og sjóðanna á árinu 2024, efnahag félagsins og sjóðanna 31. desember 2024 og breytingu á handbæru fé félagsins og hreinni eign sjóðanna á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðuársreikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Ársreikningurinn er í tveimur hlutum og innifelur
Ársreikning A hluta, rekstrarfélag
- Skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Rekstrarreikningur árið 2024.
- Efnahagsreikningur 31. desember 2024.
- Sjóðstreymisyfirlit árið 2024.
- Skýringar, sem innifela mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ársreikningar B hluta sem ná til sérhæfðra verðbréfasjóða fyrir almenna fjárfesta
- Rekstrarreikning og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2024.
- Efnahagsreikning 31. desember 2024.
- Yfirlit fjárfestinga og skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ársreikningur sérhæfðra verðbréfasjóða fyrir fagfjárfesta
- Rekstrarreikning og yfirlit um breytingu á hreinni eign árið 2024.
- Efnahagsreikning 31. desember 2024.
- Yfirlit fjárfestinga og skýringar, sem innifela helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra er undanskilin endurskoðun, sbr. kafla um aðrar upplýsingar.

Grundvöllur álits
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er nánar útskýrð í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda.

Óhæði
Við erum óháð félaginu samkvæmt ákvæðum laga um endurskoðendur og endurskoðun og siðareglna sem gilda um endurskoðendur á Íslandi og varða endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins. Við uppfyllum jafnframt aðrar kröfur um starf okkar sem endurskoðendur í samræmi við ákvæði siðareglna.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar, þ.m.t. skýrsla stjórnar
Stjórn og framkvæmdastjóri bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra og stjórnarháttayfirlýsing sem lá fyrir við áritun okkar.
Álit okkar á ársreikningnum nær ekki til skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra og við staðfestum hana ekki á neinn hátt.

Í tengslum við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins ber okkur að yfirfara aðrar upplýsingar, þegar þær liggja fyrir og meta hvort þær eru í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða skilning sem við höfum aflað við endurskoðunina eða ef svo virðist að verulegar rangfærslur séu í þeim. Ef við, á grundvelli vinnu okkar, ályktum að verulegar rangfærslur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Við höfum ekki greint atriði sem ber að greina sérstaklega frá.

Hvað varðar skýrslu og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra höfum við, í samræmi við ákvæði 104. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006, yfirfarið að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum.

Áritun óháðs endurskoðanda

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum
Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga, reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga og reglur Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfastjóða, rekstraraðila sérhæfra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórnendum félagsins að meta hæfi þess til áframhaldandi starfsemi. Stjórnendum ber að semja ársreikning félagsins á þeirri forsendu að um áframhaldandi starfsemi sé að ræða, nema stjórnendur ætli að leysa félagið upp eða hætta rekstri þess, eða hafi ekki raunhæft val um annað en að hætta starfsemi félagsins. Stjórnendum félagsins ber að setja fram viðeigandi skýringar varðandi hæfi þess til áframhaldandi starfsemi ef við á og hvers vegna stjórnendur beita forsendunni um áframhaldandi starfsemi við gerð og framsetningu ársreikningsins.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins
Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka og gefa út áritun með áliti okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa en ekki trygging þess að endurskoðun, sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, muni ávallt leiða í ljós alla verulega annmarka séu þeir til staðar. Annmarkar geta stafað af sviksemi eða mistökum og eru metnir verulegir ef þeir, einir og sér eða samanlagðir, gætu haft áhrif á fjárhagslegar ákvarðanir notenda sem grundvallaðar eru á ársreikningnum.

Endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegu mati og faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum áhættuna af verulegum annmörkum, vegna sviksemi eða mistaka, og skipuleggjum endurskoðunaraðgerðir til að mæta þessari áhættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi grunnur fyrir áliti okkar. Áhættan af því að greina ekki verulega annmarka sem stafa af sviksemi er meiri en áhætta af annmörkum vegna mistaka, þar sem sviksemi getur stafað af fölsun, misvísandi framsetningu ársreiknings, að mikilvægum atriðum sé viljandi sleppt, samanteknum ráðum eða að innra eftirlit sé sniðgengið.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem er viðeigandi fyrir endurskoðun okkar í þeim tilgangi að hanna endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins.

Metum hvort val stjórnenda á reikningsskilaaðferðum sé viðeigandi og hvort matsaðferðir þeirra séu raunhæfar. Einnig skoðum við hvort tengdar skýringar séu við hæfi.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um áframhaldandi starfsemi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi félagsins eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi þess. Ef við teljum að veruleg óvissa ríki, ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum í ársreikningnum um óvissuna og ef þær upplýsingar eru ekki nægjanlegar að okkar mati, víkjum við frá fyrirvaralausu áliti. Niðurstaða okkar byggir á þeim endurskoðunargögnum sem við höfum aflað fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni leitt til þess að félagið verði ekki lengur rekstrarhæft.

Metum framsetningu, gerð og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum og hvort hann grundvallast á fyrirliggjandi færslum og atburðum og gefi glögga mynd samanber álit okkar.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp geta komið í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka í innra eftirliti ef við á.

Reykjavík, 7. mars 2025.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Kristinn Kristinsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrartekjur			
Þóknanatekjur	11	320.503.356	94.301.188
Fjármunatekjur	13	10.586.058	13.003.576
Heildartekjur		331.089.414	107.304.764
Vaxtagjöld		(64.857)	(59.337)
Hreinar rekstrartekjur		331.024.557	107.245.427
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	14	244.824.208	123.321.189
Rekstrarkostnaður		103.031.724	52.212.400
Afskrift óefnislegra eigna	18	2.500.000	0
Rekstrargjöld		350.355.932	175.533.589
(Tap) hagnaður fyrir skatta		(19.331.375)	(68.288.162)
Tekjuskattur	15	3.575.230	13.654.602
(Tap) hagnaður ársins		**(15.756.145)**	**(54.633.560)**

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

	Skýr.	2024	2023
Eignir			
Verðbréf	16	105.243.462	102.940.000
Verðbréf samtals		105.243.462	102.940.000
Kröfur á tengd félög	22	8.498.756	12.014.401
Aðrar kröfur		17.620.613	9.010.239
Kröfur samtals		26.119.369	21.024.640
Skatteign	17	17.212.933	13.654.602
Eignarhlutir í félögum		740.500	500.000
Óefnislegar eignir	18	22.500.000	0
Handbært fé		14.934.825	29.213.261
Aðrar eignir samtals		55.388.258	43.367.863
Eignir samtals		**186.751.089**	**167.332.503**
Eigið fé			
Hlutafé		200.000.000	200.000.000
Lögbundinn varasjóður		117.511	117.511
(Ójafnað tap) óráðstafað eigið fé		(69.332.105)	(53.575.960)
Eigið fé samtals	19	**130.785.406**	**146.541.551**
Skuldir			
Skuldir við tengd félög	22	35.418.881	3.910.638
Ýmsar skuldir		20.546.802	16.880.314
Skuldir samtals		55.965.683	20.790.952
Eigið fé og skuldir samtals		**186.751.089**	**167.332.503**

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2024

	Skýr.	2024	2023
Rekstrarhreyfingar			
(Tap) hagnaður ársins	19	(15.756.145)	(54.633.560)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Tekjuskattur, breyting	15	(3.575.230)	(13.654.602)
Gagnvirðisbreyting verðbréfa	13	(9.504.426)	(12.201.286)
Afskriftir	18	2.500.000	0
Veltufé til rekstrar		(26.335.801)	(80.489.448)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Aðrar kröfur, breyting		3.420.926	(20.990.594)
Ýmsar skuldir, breyting		2.519.073	16.586.536
Tengd félög, breyting	22	24.156.902	3.910.638
Handbært fé frá rekstri		3.761.100	(80.982.868)
Fjárfestingahreyfingar			
Verðbréf, breyting		7.200.964	90.580.285
Keyptir eignarhlutir í félögum		(240.500)	(500.000)
Keypt viðskiptasambönd	18	(25.000.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar		(18.039.536)	90.080.285
Breyting á handbæru fé		(14.278.436)	9.097.417
Handbært fé í ársbyrjun		29.213.261	20.115.844
Handbært fé í árslok		**14.934.825**	**29.213.261**

Skýringar

1. Félagið

SIV eignastýring hf., hér eftir nefnt félagið eða SIV, er íslenskt hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 45/2020 sem rekstraraðili sérhæfðra sjóða. Lögheimili þess er að Ármúla 3 í Reykjavík.

SIV eignastýring hf. er dótturfélag Skaga hf., kt. 690689-2009, Ármúla 3, Reykjavík. Ársreikningur félagsins er hluti af samstæðureikningi móðurfélagsins og eru upplýsingar um rekstur og fjárhagsstöðu samstæðunnar þar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur SIV eignastýringar hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, lög um rekstaraðila sérhæfðra sjóða og reglur um ársreikninga rekstrarfélaga verðbréfasjóða, rekstraraðila sérhæfðra sjóða, verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.

Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum að undanskildum verðbréfaeignum sem eru færðar á gangvirði í gegnum rekstur. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Matsaðferðir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, leggja mat á og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við matið og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum þeim þáttum sem taldir eru viðeigandi um mat þessara liða, sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Breytingar samkvæmt þessu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.

4. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

5. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir samanstanda af keyptum viðskiptasamböndum. Óefnislegar eignir félagsins hafa skilgreindan nýtingartíma og eru metnar á kostnaðarverði að frádregnum uppsafnaðri niðurfærslu og virðisrýrnun. Áætlaður nýtingartími óefnislegra eigna eru 10 ár.

6. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

7. Verðbréfaeign

Verðbréf í efnahagsreikningi eru flokkuð sem fjáreignir á gangvirði gegnum rekstrarreikning. Fjármálagerningar eru tilgreindir á gangvirði gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Fjáreignir sem færðar eru á gangvirði gegnum rekstrarreikning eru metnar á gangvirði í efnahagsreikningi og gangvirðisbreytingar færðar í rekstrarreikning. Viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

8. Kröfur

Kröfur eru færðar á nafnvirði að teknu tilliti til niðurfærslu. Kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Niðurfærslan er dregin frá kröfum í efnahagsreikningi. Í árslok 2024 voru engar kröfur niðurfærðar.

9. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

10. Tekjuskattsskuldbinding - skatteign

Tekjuskattur ársins samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé en í þeim tilvikum er hann færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi.

Frestaður tekjuskattur er færður vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Útreikningur á frestuðum tekjuskatti byggist á því skatthlutfalli sem vænst er að verði í gildi þegar tímabundinn mismunur kemur til með að snúast við, miðað við gildandi lög á uppgjörsdegi.

Skatteign vegna yfirfæranlegs taps er einungis færð að því marki sem líklegt er talið að skattskyldur hagnaður verði til ráðstöfunar í framtíðinni sem unnt verður að nýta skattalega tapið á móti. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er líklegt að hún nýtist ekki. Tekjuskattshlutfall félagsins er 21%.

11. Þóknanatekjur

Þóknanatekjur eru einkum vegna þjónustu félagsins á sviði eignastýringar og sjóðastýringar. Þóknanir fyrir þjónustu sem veitt er yfir ákveðið tímabil eru tekjufærðar eftir því sem þjónustan er veitt.

12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af bankainnstæðum, gengishagnaði af peningalegum eignum og skuldum og vaxtaberandi fjárkröfum og matsbreytingum af fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning (hagnaði). Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtagjöldum af vaxtaberandi fjárskuldum, gengistapi af peningalegum eignum og skuldum og matsbreytingum af fjáreignum á gangvirði (tapi).

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning þegar þau falla til, miðað við virka vexti. Meðal vaxtatekna og vaxtagjalda er dreifing á afföllum og annar mismunur á upphaflega bókfærðu verði vaxtaberandi gerninga og fjárhæða þeirra á gjalddaga, sem reiknuð eru miðað við virka vexti.

Matsbreytingar af fjáreignum á gangvirði um rekstrarreikning eru færðar á því tímabili sem matsbreytingin á sér stað.

13. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur greinast þannig:

	2024	2023
Vaxtatekjur	1.081.632	802.290
Gangvirðisbreytingar verðbréfa	9.504.426	12.201.286
	10.586.058	13.003.576

14. Laun og launatengd gjöld

Laun og tengd gjöld greinast þannig:

	2024	2023
Laun	187.196.181	83.978.317
Mótframlag í lífeyrissjóð	27.648.928	13.064.775
Kaupréttir*	1.539.719	0
Fjársýsluskattur	11.978.666	5.427.470
Önnur launatengd gjöld	16.460.714	20.850.627
	244.824.208	123.321.189
Meðalfjöldi ársverka	8	3

*Gjaldfærðir kaupréttir á árinu 2024 eru vegna kauprétta sem veittir voru starfsmönnum SIV í Skaga hf. Kostnaðurinn er tilkominn vegna hlutar SIV í heildarkostnaði við kaupréttarsamningana.

15. Tekjuskattur

Tekjuskattur færður í rekstrarreikningi greinist þannig:

Virkt skatthlutfall:	2024	2023
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(19.331.375)	(68.288.162)
Tekjuskattur miðað við gildandi skatthlutfall	4.059.589	13.657.632
Áhrif vegna tímabundinnar hækkunar á tekjuskattshlutfalli	(193.314)	0
Áhrif kaupréttа	(307.944)	0
Aðrir liðir	16.899	(3.030)
Tekjuskattur færður í rekstrarreikning	3.575.230	13.654.602

16. Verðbréf

Verðbréfaeign félagsins greinist þannig:	2024	2023
Lausafjársjóður	105.243.462	102.940.000

17. Tekjuskattseign

Breyting á árinu greinist þannig:	2024	2023
Staða í ársbyrjun	13.654.602	0
Tekjufærður tekjuskattur vegna ársins	3.575.230	13.654.602
Aðrir liðir	(16.899)	0
Staða í árslok	17.212.933	13.654.602

Tekjuskattseign greinist þannig á einstaka liði efnahagsreiknings:

	31.12.2024	31.12.2023
Yfirfæranlegt tap	17.212.933	13.654.602
Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033		68.273.010
Tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034		17.791.656
		86.064.666

18. Óefnislegar eignir

Viðskiptasambönd greinast þannig:	2024	2023
Keypt á árinu	25.000.000	0
Afskriftir	(2.500.000)	0
Bókfært virði í árslok	22.500.000	0

Viðskiptasambönd eru tilkomin vegna kaupa á rekstri sjóða Glyms hf. í byrjun árs 2024. Viðskiptasamböndin eru afskrifuð á 10 árum.

19. Eigið fé

19.1 Hlutafé

Heildarhlutafé samkvæmt samþykktum félagsins er 200 m.kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

19.2 Lögbundinn varasjóður

Í samræmi við lög skal lagt í lögbundinn varasjóð tiltekið hlutfall af hagnaði hvers árs uns hann svarar 25% af hlutafé.

19.3 Yfirlit eiginfjár

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2023	200.000.000	117.511	1.057.600	201.175.111
Tap ársins			(54.633.560)	(54.633.560)
Eigið fé 31.12.2023	200.000.000	117.511	(53.575.960)	146.541.551
Eigið fé 1.1.2024	200.000.000	117.511	(53.575.960)	146.541.551
Tap ársins			(15.756.145)	(15.756.145)
Eigið fé 31.12.2024	200.000.000	117.511	(69.332.105)	130.785.406

20. Eiginfjárhlutfall

Eiginfjárhlutfall rekstrarfélagsins sem reiknað er samkvæmt ákvæðum 84. gr. laga um fjármálafyrirtæki var 9,2% en lágmarks eiginfjárhlutfall er 8% samkvæmt lögunum. Eigið fé má þó aldrei vera lægra en sem nemur 18,0 m.kr. (EUR 125 þús.) miðað við gengi EUR þann 31. desember 2024.

	31.12.2024	31.12.2023
Eigið fé	130.785.406	146.541.551
Skatteign	(17.212.933)	(13.654.602)
Óefnisleg eign	(22.500.000)	0
Eiginfjárgrunnur	91.072.473	132.886.949
Eiginfjárkrafa m.v.áhættuvegnar eignir	1.922.853	2.114.452
Eiginfjárkrafa m.v. fastan rekstrarkostnað	79.588.327	42.040.285
Eiginfjárkrafa	79.588.327	42.040.285
Eiginfjárhlutfall í samræmi við ákvæði laga um fjármálafyrirtæki	9,2%	25,3%

Samkvæmt 4.mgr. 12. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði og 5.mgr. 15. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, skal eiginfjárgrunnur rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða aldrei nema lægri fjárhæð en sem svarar til 25% af föstum rekstrarkostnaði síðasta reikningsárs.

21. Eignir í stýringu

Eignir í stýringu námu alls 94,5 milljörðum króna í lok árs samanborið við 63,7 milljarða króna í lok árs 2023.

22. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. móðurfélag, félög í eigu móðurfélags, hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélög. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila.

Viðskipti við tengda aðila árið 2024:	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
Tengd félög	25.410.096	104.184.024	8.498.756	35.418.881

Viðskipti við tengda aðila árið 2023:	Keypt þjónusta	Seld þjónusta	Kröfur	Skuldir
Tengd félög	11.322.695	56.732.892	12.014.401	3.910.638

23. Leigusamningar

Félagið leigir skrifstofuhúsnæði. Leigusamningur félagsins flokkast sem rekstrarleigusamningur og hann því ekki færður í efnahagsreikning. Núgildandi leigusamningur um skrifstofuhúsnæðið er til 2026 en uppsegjanlegur með 12 mánaða fyrirvara. Leigusamningurinn um skrifstofuhúsnæðið er verðtryggður og breytast leigugreiðslur mánaðarlega í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs. Gjaldfærðar leigugreiðslur námu 6,6 m.kr. á árinu 2024 (2023: 3,2 m.kr.) og eru framsettar í línunni fyrir rekstrarkostnað í rekstrarreikningi. Í töflunni er ekki tekið tillit til áhrifa framtíðarverðbólgu á greiðslur verðtryggðs húsaleigusamnings.

Afborganir leigusamninga greinast þannig:

	31.12.2024
Afborganir árið 2025	6.413.388
Afborganir árið 2026	6.413.388
	12.826.776